



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Staða íþróttá- og tómstundastyrks fyrir börn á tekjulágum heimilum

Forsaga

Í maí 2020 samþykktu stjórnvöld frumvarp til fjárukalaga sem m.a. fól í sér að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Sett var í hendur sveitarfélaga að útfæra umsókn um styrkinn á grundvelli leiðbeininga frá félagsmálaráðuneytinu. Reglur velferðarsviðs um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020. Umsóknarfrestur var upphaflega til 28. febrúar 2021 ár en var framlengdur tvisvar sinnum á tímabilinu til að gefa fleiri fjölskyldum kost á að sækja um. Umsóknarfresti lauk 31. júlí síðastliðinn.

Umsóknir um íþróttá- og tómstundastyrk voru samtals 1.865 en 4.774 börn áttu rétt til styrksins. Styrkfjárhæð til útgreiðslu er því samtals 8.925.000 kr. en búið er að greiða styrk vegna 1.398 barna eða samtals um 59,5 m.kr eða 71%. Sjá töflu að neðan. Foreldrar sem hafa sótt um styrk vegna fleiri en eins barns hafa í mörgum tilvikum einungis skilað kvittunum vegna eins barns. Unnið er að lokauppgjöri styrksins. Kostnaður við forritunar- og þróunarvinnu við hugbúnað var um 13 m.kr. og kostnaður vegna vinnslu umsókna og upplýsingamiðlunar um 4 m.kr.

Íþróttá- og tómstundastyrkur 2020-2021. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

	Samþykktar umsóknir	Greiddur styrkur	% greiddur styrkur
Fjöldi foreldra	1.328	1.065	80%
Fjöldi barna	1.865	1.398	75%
Fjárhæð kr.	83.925.000	59.500.135	71%

Viðbótarstyrkur

Samkvæmt tímabundinni fjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 og lögum nr. 158/2020 um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 hefur ríkisstjórnin ákveðið að að sveitarfélög fái 300 m.kr. framlag í því skyni að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþóttir og aðrar tómsundur á haustönn 2021. Hægt verður að sækja sérstakan frístundastyrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2006-2015 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 782.200 kr. á mánuði á tímabilinu mars-júní 2021, sem er hækkun frá fyrra tímabili. Styrkurinn er 25.000 kr. á hvert barn til áramóta.

Breytt fyrirkomulag verður á úthlutun styrkja á haustmisseri að því leyti að nú verður sótt um styrk með sambærilegum hætti og hefðbundinn frístundastyrk sem sveitarfélögin veita og þurfa foreldrar því ekki að leggja út fyrir styrknum né senda inn reikninga. Hægt verður að sækja um styrkina í sérstöku smáforriti (appi).

Það fjármagn sem ekki hefur verið nýtt hjá sveitarfélögum frá fyrri úthlutun er áætlað að nota áfram fyrir úthlutun á haustönn 2021. Þegar fjármagn hefur verið fullnýtt mun ráðuneytið millifæra inn á sveitarfélög í samræmi við nýtingu styrkjanna.

Um þessar mundir er unnið nánar að útfærslu á ýmsum praktískum atriðum styrksins s.s. leiðbeiningarskyldu og uppgjöri milli ríkis og sveitarfélaga.

Fylgiskjöl:

Bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 2021

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög, dags. 8. september 2021

Fyrirmynd að reglum sveitarfélaga um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómsundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum haustið 2021